

Gimli  
Lækjargata 3,  
101 Reykjavík.

Mættir á fund: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs (fjarfundarbúnaði), Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM

Fundur settur 13:00

Dagskrá:

## 1. Úthlutun og fjármál

Síðastliðin ár hefur umsóknarfjöldi verið töluvert fleiri í fyrri úthlutun ársins, því var ákveðið að hækka úthlutunina úr 44 mill. kr sem var ákveðið á síðasta fundi upp í 47 mill. kr.

Alls bárust myndlistarsjóði 198 umsóknir

Fyrri 2022 Umsóknir	Styrkjaflokkar	Samtals sótt um	%	Skipting fjármagns t	%
39	Aðrir styrkir. Útg. -og ranns.	60.626.560	27%	12.220.000	26
28	Undibúningsstyrkir	34.302.671	16%	5.640.000	12
131	Sýningarverkefni	126.132.992	57%	29.140.000	62
<b>198</b>		<b>221.062.223 ISK</b>	<b>100%</b>	<b>47.000.000 ISK</b>	<b>100%</b>

Í flokki útgáfu-, rannsókn- og aðrir styrkir bárust 39 umsóknir, í flokki undirbúningsstyrkja bárust 28 umsóknir en langflestar umsóknir bárust í sýningarverkefni eða 131 umsókn. Ekki ósvipaðar tölur og í fyrri úthlutun 2021, heldur færri umsóknir en stærri umsóknir. Samtals var sótt um fyrir 221.062.223 kr. og úthlutað verður 47.000.000 kr.

## 2. Skipun matsnefnda vegna fyrri úthlutunar 2022

Fulltrúar úr ráði eru: Dagný Heiðdal og Margrét Elísabet Ólafsdóttir

Skipting umsókna á matsnefndir verður eftirfarandi

Margrét Elísabet verður í matsnefnd sem fer yfir flokk sýningarverkefna (131) og Dagný Heiðdal mun fjalla um flokkana aðrir styrkir, útgáfu- og rannsóknir og undirbúningsverkefni (67)

## 3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022

Farið var lauslega yfir kostnaðarliði í fjárhagsáætlun fyrir árið en hún ekki formlega samþykkt þar sem ýmsar breytingar eru í farvatninu. Þar má nefna að nýtt myndlistaráð verður skipað á árinu með vorinu og enn er óljóst hvort og hvenær þá sjóðurinn flyst yfir til Rannís.

Ákveðið var þó að hækka framlag myndlistarsjóð til tímaritsins Myndlist á Íslandi um 500 þús. kr. sem er í samræmi við verðhækkunar og þá aukningu á viðurkenningum sem myndlistarráð veitir og þar með blaðsíðufjölda í tímaritinu. Tímaritinu er dreift alþjóðlega af KÍM sem stefnir á að kaupa um 500 eintök og dreifa til um 300 safna og stofnanna víðsvegar.

Rætt var um hvort eigendur tímaritsins, sem eru SÍM, LHÍ, KÍM og Myndlistarsjóður, ættu að setja sér ritstjórnarstefnu sem ritstjórnin myndi vinna í samræmi við til að skerpa á markmiðum tímaritsins.

## 4. Íslensku myndlistarverðlaun 2022 og fjárhagsáætlun

Farið var yfir kostnaðarliði fyrir verðlaunaafhendinguna þann 17. mars og hvernig kostnaðurinn skiptist og engar sérstakar athugasemdir gerðar við hana.

## 5. Önnur mál

Verkefnastjóri sem er tímabundið ráðin í sérverkefni KÍM – Feneyjartvíæringinn á umsókn í myndlistarsjóð í þessari fyrri úthlutun en hefur ekkert með mál sjóðsins að gera. Engar mótbárur voru við því.

Fyrirhugaður næsti fundur myndlistarráðs verður í viku 11, dagsetning ákveðin síðar.

Fundi slitið kl. 14:30

